

# Klínískt verklegt nám á 6 ári – „Klínískt Boot-camp“

## Leiðin að góðum starfsháttum við klíníska vinnu.

**Tímabil:** 6 vikur að hausti og 6 vikur að vori á Bæklunarskurðeild LSH Fossvogi

**Handleiðsla:** SNL/deildarlæknir með sérfræðilækni með handleiðaraþjálfun sem bakhjarl. Markmið að samfella sé í handleiðslunni og að viðkomandi vinni klínísk með læknanemanum á tímabilinu.

### Hæfniviðmið

- Nemendur fá þjálfun í faglegri nálgun við að sinna almennum læknisverkum.
- Nemendum eru falin störf við að sinna sjúklingum með almenn, alvarleg og bráð sjúkdómstilvik undir handleiðslu ábyrgra lækna.
- Nemendur sinna sjúklingum á legudeildum og taka klínískar ákvarðanir í samráði við ábyrga lækna.
- Nemendur fá samfellda viðveru á einni deild í 6 vikur og þjálfast í þverfaglegum vinnubrögðum og samvinnu.
- Nemendur þjálfast í klínískri skráningu og góðum vinnubrögðum við yfirfærslu ábyrgðar.
- Nemendur dýpka kunnáttu sína í klínískri kunnáttu og færni ásamt því að þjálfa almenna starfshætti lækna með því að sinna sjúklingum.

### Reglubundin fræðsla

Vikuleg fræðsla um eftirtalin atriði

- Starfslýsing læknanema í klínísku verknámi á 6.námsári. Yfirfærsla ábyrgðar og verklag við stöðuskýrslufundi.
- ABCD fyrsta mat. Mat á vökvajafnvægi, viðbrögð við ofbeldi og ógnandi hegðun.
- Eftirfylgd sjúklinga á legudeildum, NEWS skor, mat á sýkingarþáttum eftir aðgerðir.
- Rannsóknir (beiðnir og eftirfylgd á rannsóknarniðurstöðum). Ráðgjafarþjónusta og beiðnir.
- Fyrirmæli, snjócornið, SBAR hjá inniliggjandi sjúklingum, hópar í heilsugátt og samvinna við klíníska lyfjafræðinga. Upplýsingar til sjúklings.
- Samskipti (munnleg og skrifleg) við annað heilbrigðisstarfsfólk, klínísk skráning (dagáll, innskriftarnóta, læknabréf). Teymisvinna.

Vikulegir hádegisfundir (tvo daga í viku) þar sem farið er í gegnum spurningarbanka fyrir læknanema – hugmynd að ólíkar áherslur geti verið milli daga og þau eigi að mæta í amk 6 skipti.

Vikulegir kennslustofugangar þar sem 6 deildir skipta þessu með sér og taka eina viku hver deild og þar mæta þeir læknanemar sem eru á þeim deildum.

## Matsblöð

- Fá endurgjöf á að taka sjúkrasögu og framkvæma líkamsskoðun
  - Sérstaklega horft til: Spyr opinna spurninga, tekur sjúkrasögu á viðeigandi hátt og viðhefur eðlilega sjúklingsviðmiðaða nálgun. Við líkamsskoðun er horft eftir færni í almenri líkamsskoðun og fagmennskulegu viðmóti. Tekur mið af ástandi og stöðu sjúklings við töku á sjúkrasögu og líkamsskoðun.
- Fá endurgjöf á munnlega samantekt á sjúkrasögu og skoðun
  - Sérstaklega horft til: Að framsetning sé skipulögð og viðeigandi. Orðalag sé faglegt og skipulega sett fram.
- Fá endurgjöf á klíniska skráningu
  - Sérstaklega horft til: að reglum um klíniska skráningu og góð vinnubrögð. Að nemendur túlki niðurstöður en skrái ekki bara eins og ritara. Að nemendur tryggi að sjúklingar hafi eftirfylgd og séu upplýstir um sjúkdómsgang og niðurstöður.
- Fá endurgjöf á stöðuskýrslur/handover
  - Sérstaklega horft til: SBAR og staðlaðra vinnubragða
- Fá endurgjöf á forgangsröðun og umfjöllun um tilfelli mtt mismunagreininga
  - Sérstaklega horft til þess að nemendur séu sjúklingsviðmiðaðir í uppvinnslu og klínískri ákvarðanatöku.
- Fá endurgjöf a vinnugreiningar og eftirfylgd með virkum og óvirkum vandamálum
  - Sérstaklega horft til:
- Fá endurgjöf á færni við að túlka og leggja mat á bráðleika vanalegra niðurstaðna í algengum rannsóknum
  - Sérstaklega horft til:
- Fá endurgjöf á yfirferð á lyfjalistum
  - Sérstaklega horft til:
- Fá endurgjöf á forvarnaráætlun í samráði við sjúkling – sjúklingsmiðuð nálgun
  - Sérstaklega horft til:
- Fá sóttvarnir og smitgát
  - Sérstaklega horft til: